

5. Greið leið ehf. – erindi frá 13.12.2013:

Lagt fram bréf frá Péttri Þór Jónassyni f.h. Greiðrar leiðar ehf. dags. 13. desember s.l. þar sem fram kemur ákvörðun stjórnar um að hækka hlutafé félagsins um 40 millj.kr. Samkvæmt samþykktum Greiðrar leiðar ehf. eiga hluthafar félagsins forkaupsrétt að öllum nýjum hlutum í eigin flokkum í samræmi við hlutafjäreign sína og er því skorað á þá að beita þessum rétti eða falla frá honum. Í bréfinu kemur fram að ætli núverandi eigendur ekki að nýta sér réttinn verður hann seldur öðrum.

Fyrir liggur að Útgerðarfélag Akureyringa ehf. sem er í eigu Samherja hf. er tilbúið að kaupa hlutinn. Með því getur Greið leið ehf., staðið við ákvæði í lánasamningi ríkisins og Vaðlaheiðarganga hf. um aukningu hlutafjár í Vaðlaheiðargöngum hf. á yfirstandandi ári með aðkomu núverandi hluthafa. Eftir breytinguna verður hlutur Greiðrar leiðar ehf., í Vaðlaheiðargöngum hf. kominn í 236 millj. kr. af 440 millj. kr. heildarhlutafé. Hlutur Greiðrar leiðar ehf., verður þá 53,6% en Vegagerðarinnar hf. 46,4%

Sveitarstjórn samþykkti í tölvupósti á milli fundu þann 19. desember s.l. að nýta ekki forkaupsrétt að nefndum hlut og staðfestir það hér með.

Til kynningar:

- a. Innanríkisráðuneytið, skil á viðaukum við fjárhagsáætlun:

Fleira ekki gert og fundi slitið 16:45



Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 30. janúar 2014 að auglýsa skv. 1. mgr. 43. gr skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að breytingu á deiliskipulagi Þeistareykjavirkjunar.

Um er að ræða nokkrar breytingar bæði á skipulagsuppdrætti og í greinargerð. Breytingarnar snúa fyrst og fremst að hagræðingu og hliðrun mannvirkja til bóta fyrir bæði framkvæmdaðila og umhverfi en auk þess er skilgreindur nýr áningarstaður auk byggingarreits fyrir hesthús við hestagerði austan Þeistareykjaskála.

Tillöguuppdráttur með greinargerð mun liggja frammi á skrifstofu Þingeyjarsveitar, Kjarna, 650 Laugar frá og með föstudeginum 31. janúar til og með föstudeginum 14. mars 2014. Þá eru upplýsingar og aðgengilegar á heimasíðu Þingeyjarsveitar: [www.thingeyjarsveit.is/skipulagsmál/deiliskipulag/tillögur í auglýsingu](http://www.thingeyjarsveit.is/skipulagsmál/deiliskipulag/tillögur_í_auglýsingu)

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út föstudaginn 14. mars 2014. Skila skal athugasemdum skriflega til skrifstofu Þingeyjarsveitar, Kjarna, 650 Laugar og/eða í tölvupósti á netfangið: bjarni@thingeyjarsveit.is. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests teljast henni samþykkir.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Þingeyjarsveitar

Geðorð vikunnar

Flæktu ekki líf þitt um of.

Er lífshamingja alltaf í réttu hlutfalli við veraldlegar eignir og efnisleg gæði? Þurfum við alltaf að eignast allt til þess að öðlast lífshamingju? Hvað finnst þér?

Unglingur á viðkvæmu mótunar- og þroskaskeiði getur eðlilega átt í erfiðleikum með að velja og hafna í þeim frumskógi tækja og tækifæra sem nú bjóðast í stanslausu auglýsingaflóði. Gildismat unglunga og fullorðinna er ólíkt og slíkt er eðlilegt. Það er hlutverk uppalandans að veita unglungnum heilbrigða leiðsögn á lífsins vegi.

Samráðshópur um áfallahjálp á Norðurlandi.

Aðalfundur

Aðalfundur Búnaðarfélags Aðaldæla verður haldinn þriðjudaginn 11. febrúar kl. 20:30 í Ýdölum.

Venjuleg aðalfundarstörf

Stjórnin

Samþykkt að vísa síðareglunum með áorðnum breytingum til síðari umræðu.

3. Erindi frá Jóni Benediktssyni:

Fyrir fundinum liggur erindi frá Jóni Benediktssyni dags. 29. janúar s.l. þar sem hann gagnrýnir ákvörðun Umhverfisstofnunar um að takmarka umferð hrossa á reiðleið milli Ljósstaða og Brettingsstaða í Laxárdal.

Sveitarstjórn þakkar erindið og ábendingarnar.

4. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 23.01.2014:

Lögð fram fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 23. janúar s.l. Ásvaldur gerði grein fyrir fundargerðinni sem var í sjö liðum.

liður fundargerðar; Þjóðlenda í Ódáðahrauni, stofnun fasteignar (þjóðlendu).

Sveitarstjórn samþykkir stofnun þjóðlendunnar skv. fyrirbyggjandi gögnum og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að annast stofnun hennar í fasteignaskrá Þjóðskrár.

liður fundargerðar; Rauðaskriða 1, breyting á deiliskipulagi. *Sveitarstjórn samþykkir tillögu að breytingu á deiliskipulagi og að hún verði auglýst skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þegar fullnægjandi gögn hafa borist.*

5. liður fundargerðar; Takmörkun á umferð hrossa milli Ljósstaða og Brettingsstaða í

Laxárdal á verndarsvæði Mývatns og Laxár, ósk um umsögn.

Sveitarstjórn tekur undir með nefndinni og leggst gegn því að umræddri reiðleið verði alfarið lokað fyrir allri umferð hrossa þar sem hún er skilgreind sem slík í Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022. Sveitarstjórn leggur áherslu á að haft verði samráð við hagsmunaaðila vegna ákvörðunar Umhverfisstofnunar um takmarkanir á umferð hrossa á umræddu svæði.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.

FUNDARGERÐ



Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar
139. fundur
í Kjarna fimmtudaginn 30. janúar kl. 13:00

Dagskrá:

1. Fundarsetning:
2. Siðareglur kjörinna fulltrúa í Þingeyjarsveit – fyrri umræða:
3. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 23.01.2014:
4. Greið leið ehf. – erindi frá 13.12.2013:

Til kynningar:

- a. Innanríkisráðuneytið, skil á viðaukum við fjárhagsáætlun:

Mætt: Ólína Arnkelsdóttir, Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Friðrika Sigurgeirsdóttir, Árni Pétur Hilmarsson og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson í forföllum Ástu Svavarsdóttur auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning:

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að tekið yrði á dagskrá undir 3. lið; Erindi frá Jóni Benediktssyni. Aðrir liðir færast neðar á dagskrá sem því nemur.

Samþykkt samhljóða.

2. Siðareglur kjörinna fulltrúa í Þingeyjarsveit – fyrri umræða:

Lögð fram drög að siðareglum kjörinna fulltrúa í Þingeyjarsveit til fyrri umræðu.

Kæru lesendur og auglýsendur

Nú er Hlaupastelpan gefin út á *fimmtudögum*
og því rennur skilafrestur auglýsinga út á

Þriðjudögum kl. 15:00. 😊





Dansáhugafólk sem og félagar í Harmonikufélagi Þingeyinga athugið.

Það verður dansæfing í Ljósvefningabúð
Föstudaginn 14. febrúar frá kl.20.30-22.30.
Allt dansáhugafólk velkomið. Kostar aðeins kr.500.

Harmonikufélag Þingeyinga.

Sunnudagaskóli - Pitzuveisla

Sunnudagaskóli verður á Einarstöðum næstkomandi
laugardag 8. Febrúar klukkan 11:00.

Á eftir, eða um 11:30 verður svo farið í pitzuveislu í
Dalakofanum í boði sóknarnefnda. ATHUGIÐ að
sunnudagaskólinn er á laugardegi að þessu sinni.

Allir velkomnir.
Séra Þorgrímur.

5.tbl.
6. febrúar
2014
21. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



Æskulýðsstarf Þjálfar - REIÐNÁMSKEIÐ



Reiðnámskeið fyrir yngri og eldri börn verður haldið
í Torfunesi 7. og 8. febrúar n.k. (föstudag og laugardag)
Krökkunum verður skipt niður í hópa eftir aldri og getu.
Byrjað verður kl. 14:00 á föstudag og kl. 10:00 á laugard.
og fram eftir degi, eftir fjölda þátttakenda.

Kennari: Sandra Maria; reiðkennari frá Hólum.

Verð samtals: 5.500 kr. fyrir félagar í Þjálfar.

Hægt er að fá leigð reiðtygi og hest og mun sá kostnaður
greiðast af Þjálfar.

Skráning á netfangið: stadarholl@simnet.is eða

Í síma: 4643707 f. kl. 21:00 fimmtudaginn 6. Feb.

p.s. Konudagur, er á næstu grösum, og viljum við í Þjálfar
benda konum á, að skrá sig, ef þær hafa áhuga á námskeiði.